


Vaxtarsamningur Norðausturlands - framvinduskýrsla 2009



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Bakgrunnur og stjórnun.....	2
Framgangur aðgerðaáætlunar ársins	2
Einstök verkefni og viðfangsefni ársins	3
Stefnumótun í ferðaþjónustu	3
GEBRIS	4
Jólasveinarnir í Dimmuborgum og töfraland jólanna.....	5
Þingeyska matarbúrið.....	6
Nordausturland.is	6
Þingeyskt og þjóðlegt	7
Samstarf safna og sýninga	7
Sail Húsavík 2011	8
Umhverfisskólinn maður og jörð	8
Upplifum landið – geotourism.....	9
Nýting íslenska berja til atvinnu- og vöruþróunar	9
Menntasetrið á Þórshöfn.....	9
Ársuppgjör	10

Inngangur

Árið 2009 er annað starfsárið af þremur í Vaxtarsamningi Norðausturlands sem undirritaður var á milli iðnaðarráðherra og framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga (AP) þann 8. janúar 2008.

Bakgrunnur og stjórnun

Eins og fram kom í inngangi er Vaxtarsamningur Norðausturlands gerður á milli iðnaðarráðuneytisins og AP. Við gerð hans var gert ráð fyrir því að það þróunarstarf og einstök verkefni, sem m.a. hafa verið rekin á fjárhagslega ábyrgð atvinnuþróunarfélagsins, nytu stuðnings samningsins. Þetta kom fram í því að á fyrsta starfsárinu runnu verkefnaframlögin til þeirra verkefna sem þegar var unnið að. Á öðru ári samningsins hafa þessar áherslur breyst nokkuð þó svo að enn njóti ákveðin verkefni, sem spanna lengri tíma, stuðnings samningsins. Mikilvægt er að slík verkefni sem oft varða uppbyggingu innviða atvinnugreina á svæðinu, geti notið stuðnings. Þessi verkefni eru einnig ákveðin forsenda einstakra þróunar- eða nýsköpunarverkefna fyrirtækja og stofnana, þar sem byggt er á sameiginlegri stefnumótun, ímyndarsköpun og markaðssetningu sem lögð hefur verið áhersla á hér á starfssvæði vaxtarsamningsins.

Í samræmi við ákvæði samningsins fer stjórn AP með stjórn vaxtarsamningsins en í stjórnina voru á aðalfundi félagsins 5. júní 2009 kjörin þau Aðalsteinn Árni Baldursson, Birna Björnsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Til vara Guðmundur Guðmundsson og Gunnólfur Lárusson. Á fyrsta fundi stjórnar var Sigurgeir Höskuldsson kjörinn formaður.

Dagleg umsýsla samningsins er í höndum framkvæmdastjóra AP og síðan vinna starfsmenn félagsins að einstökum verkefnum sem hann er þátttakandi í eftir því best hentar og eftir atvikum í samstarfi við verkefnisaðila.

Framgangur aðgerðaáætlunar ársins

Eins og fram kom í framvinduskýrslu vegna fyrsta árs samningsins gengu áætlanir um fjárframlög fyrirtækja og sveitarfélaga til hans ekki eftir. Tekið var tillit til þessa við gerð aðgerða- og fjárhagsáætlunar ársins þar sem einungis var gert ráð fyrir þeim beinu framlögum til samningsins sem samningar lágu fyrir um. Fyrirtæki og sveitarfélög voru eftir sem áður þátttakendur í einstökum verkefnum sem VAXNA tók þátt í.

Eftirfarandi áherslur voru lagðar í aðgerðaáætlun ársins:

- 1) Stöðumat, framtíðarsýn og stefnumótun
- 2) Svæðisklasar eða svæðisáherslur þar sem unnið er með hið víðfeðma starfssvæði samningsins í minni einingum.
- 3) Klasamyndun og aðferðafræði klasa nýtt í einstökum verkefnum.
- 4) Þátttaka í einstökum verkefnum á sviði nýsköpunar, þróunar, menningar og samfélags.
- 5) Samþætt þróunaráætlun fyrir starfssvæði samningsins.

Áhersla hefur verið lögð á liði 2) 3) og 4) á árinu þar sem m.a. hefur verið unnið að því að styrkja svæðisbundið samstarf aðila í ferðaþjónustu á svæðinu á hinum skilgreindu undirsvæðum samningsins. Þannig hefur verið horft til þess við ákvörðun um þátttöku í verkefnum að þau feli í sér samstarf aðila og til þess hvatt sérstaklega.

Vinnu við liði 1) og 5) hefur miðað hægar en væntingar stóðu til og kemur það til af tvennu. Annars vegar er erfitt að nálgast opinber gögn um ýmsa þætti atvinnulífs og vinnumarkaðar fyrir starfssvæði samningsins sérstaklega. Þarf því að afla slíkra upplýsinga sérstaklega og hefur það m.a. verið gert í gegnum árlega atvinnumálakönnun AP þar sem safnað er upplýsingum um fjölda starfa og starfsmanna í einstökum atvinnugreinum á svæðinu. Þá vann Þekkingarnet Þingeyinga viðhorfskönnun meðal íbúa á svæðinu til tiltekinna búsetuþátta, líkt og gert var á árinu 2008. Upphaflega stóð til að keyra slíka könnun á tveggja til þriggja ára fresti. Í ljósi þeirra umskipta sem urðu í íslensku samfélagi við bankahrunið þótti hins vegar mikilvægt að keyra könnunina aftur á árinu til að ná að fanga stöðu mála fyrir og eftir hrunið. Hins vegar hefur ekki verið unnið í því sérstaklega að virkja sveitarfélögin á svæðinu til sameiginlegrar stefnumótunarvinnu á þessu sviði. Kemur það til af því að þau hafa, m.a. í samstarfi við AP verið að vinna að afmarkaðri verkefnum sem hafa snúið að stefnumótunarvinnu sem geta nýst í heildstæða þróunaráætlun fyrir svæðið. Má þar nefna samstarf vegna undirbúnings að uppbyggingu orkufreks iðnaðar en í þeirri vinnu var m.a. unnin SVÓT greining fyrir svæðið, greiningarvinnu um stöðu og mögulega þróun á Kópaskeri og nágrenni og vinnu við gerð Sóknaráætlunar 20/20, þó svo að svæðið sé þar hluti stærra svæðis, Norðurlands eystra.

Einstök verkefni og viðfangsefni ársins

Á árinu 2009 samþykkti stjórn VAXNA þátttöku í tólf verkefnum samtals að upphæð allt að 22,8 mkr. Meðalupphæð til verkefna var því rétt um 1,9 mkr. Hæsta framlag til einstaks verkefnis var til GEBRIS verkefnisins, kr. 3.910.000,- en rétt er að taka fram að þar er um að ræða nokkurs konar regnhlífarsamstarf margra aðila um skyld verkefni. Lægsta framlagið var svo 425.000,- til samstarfs safna og sýninga á starfssvæði VAXNA.

Rétt er að taka fram varðandi framlög til einstakra verkefna að um er að ræða samþykkt hámarksframlag en útborgun framlaga fer síðan eftir framvindu verkefna og þeim mótframlögum sem þau hafa fengið. Greiddur styrkur er því í mörgum tilfellum lægri um áramót en fram kemur í yfirlitunum hér að neðan.

Hér á eftir er gerð grein fyrir inntaki, rekstrarformi og fjármögnun þeirra verkefna sem VAXNA tók þátt í á árinu 2009.

Stefnumótun í ferðaþjónustu (e. **Tourism Strategic Planning (TSP)**) er verkefni sem hófst 2007 og skiptist í tvo þætti. Fyrri hlutanum – stöðumati, kortlagningu auðlinda og stefnumótun – lauk á árinu 2008 og var í framvinduskýrslu þá gerð grein fyrir inntaki þess hluta verkefnisins.

Á árinu 2009 hófst vinna við seinni hlutann sem er fimm ára aðgerðaáætlun (2009-2014) um uppbyggingu grunngerðar, ímyndarsköpun og þróun og markaðssetningu svæðisins sem áfangastaðar ferðamanna sem upplifa vilja einstæða náttúru og samspil hennar við þá menningu sem á svæðinu er og hefur þróast. Haldnir hafa verið kynningar- og vinnufundir með ferðaþjónustuaðilum þar sem farið hefur verið yfir stöðumatið og þau tækifæri sem greind hafa verið. Þegar hafa ákveðin þemu úr stefnumótuninni skilað sér sem samstarfsverkefni hagsmunaaðila og má þar bæði nefna klasasamstarf undir merkinu „Fuglastígur á Norðausturlandi“ og samstarf um þróun svokallaðrar „Geo-ferðamennsku“ á hálendinu innaf Bárðardal og Mývatnssveit. Þannig er stefnumótunarverkefnið í raun orðið regnhlíf yfir fleiri aðgreind verkefni og þau fjárframlög sem hér eru skilgreind því samtala framlaga til mismunandi undirverkefna. Þá hefur verið komið á sambandi við National Geographic vegna möguleika á að skilgreina svæðið sem sjálfbæran áfangastað skv. skilgreiningu samtakanna.

Þátttakendur í verkefninu eru fyrirtæki á sviði ferðaþjónustu á svæðinu og einstaklingar ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, kt. 610584-0399.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

VAXNA	3.000.000
Byggðastofnun	2.500.000
Ferðamálastofa	3.700.000
Útflutningsráð	300.000
Samtals	9.500.000

GBRIS (e. **G**etting the **B**est out of **R**egional **I**nnovation **S**ystems) verkefnið snýst um að örva frumkvöðlastarf í dreifbýli með því að nýta og aðlaga nýsköpunarstuðning að þörfum hvers svæðis. Verkefnið snýr einnig að skoðun á umhverfi eða stoðkerfi nýsköpunar og byggðapróunar enda var það eitt af grunnammiðum þess eins og fram kemur í heiti þess. Verkefnið er samnorrænt og nýtur stuðnings Norræna nýsköpunarsjóðsins. Sá hluti sem AP rekur tekur til starfssvæðis félagsins austan Jökulsár á Fjöllum og byggir á því að þróa „pakka“ á sviði afþreyingar og ferðaþjónustu og auka þannig tekjumöguleika og efnahagslegt virði svæðisins. Frekari lýsing á verkefninu er hér, <http://atthing.is/verkefni/gebris/>

Verkefnið hefur gengið vel og þegar er nokkur fjöldi viðfangsefna í þróun eða komin í gang í samstarfi við stofnanir og starfandi fyrirtæki á svæðinu en einnig einstaklinga sem eru að undirbúa nýjan rekstur. Má hér m.a. nefna menningar- og söguverkefni á Skálum á Langanesi, minjagripaframléiðslu á Raufarhöfn sem tengist hugmyndafræði Heimskautsgerðisins, siglingar og sjóstangaveiði norður fyrir Heimskautsbaug og jarðskjálftasetur á Kópaskeri. Formlegur ferðaþjónustuklassi var stofnaður á svæðinu sumarið 2009.

Verkefnistíminn í norræna samstarfsverkefninu var til 31. desember 2009 en samkvæmt samningum við sveitarfélögin er gert ráð fyrir því að íslenski hluti verkefnisins verði rekinn til 31. ágúst 2010.

Þátttakendur í verkefninu eru Norðurþing, Svalbarðshreppur, Langanesbyggð, Jarðskjálftasetrið á Kópaskeri, Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, Ferðamálafélagið Súlan, Gallery Ljósfang og Norðurhjarí-ferðaþjónustuklassi ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, kt. 610584-0399.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	3.910.000
Sveitarfélög	2.470.590
Norræni nýsköpunarsjóðurinn	2.875.134
Samtals	9.255.724

Jólasveinarnir í Dimmuborgum og töfraland jólanna er afrakstur af verkefninu Snow Magic sem hófst á sínum tíma (2004/2005) sem NPP verkefni (Northern Periphery Program of the EU). Inntakið er efling afþreyingar á Mývatnssvæðinu með áherslu á vetrartímamann til aukningar á tekjumyndun í ferðaþjónustu. Fjöldi ferðamanna sem sækja Jólasveinana í Dimmuborgum heim á jólaföstudni hefur tvöfaldast á milli ára undanfarin þrjú ár og komu um 2300 manns í heimsókn á árinu 2009.

Verkefnið hefur þegar skilað verulegum árangri varðandi vöruþróun og samstarf aðila sem að því koma. Er þar um að ræða gisti- og veitingasölu, framleiðslu minjagripa og fatnaðar sem byggir á jólasveinaþemanu og ýmis konar afþreyingarþjónustu, s.s. Jarðböðin við Mývatn. Frekari þróun verkefnisins hefur verður unnin útfrá stefnumótunarverkefninu (TSP) og mun snúa að því að styrkja enn frekar það þema sem þegar er unnið með ásamt því að skilgreina mismunandi árstíðir á svæðinu sem hver hefur sinn styrkleika eða aðdráttarafl.

Þátttakendur í verkefninu eru Mývatnsstofa, Dimmuborgir, Vogafjós, Sel-Hótel Mývatn, Jarðböðin við Mývatn og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Mývatnsstofu ehf., kt. 710507-3170

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

VAXNA	1.000.000
Ferðamálastofa	700.000
Eyþing	500.000
Fjárlaganefnd	2.000.000
Iðnaðarráðuneytið	1.200.000
Fyrirtækjastyrkir og sértekjur	695.815
Samtals	6.095.815

Píngveyska matarbúrið hefur það að markmiði að markaðssetja píngveysk matvæli, bæði sem framleiðsluvöru og einnig sem þátt í aðdráttarafli svæðisins fyrir ferðamenn sem þannig eiga kost á því að kynna matarmenningu svæðisins í gegnum veitingastaði héraðsins. Á árinu var lokið við hönnun á lógói fyrir klasann í samvinnu við aðra matarklasa en samstarf á milli matarklasanna hefur verið gott, sérstaklega hér á norðurlandi. Staðið var fyrir „Sumarsólstöðuhátíð“ vikudagskrá þar sem matarmenningu og annarri menningu svæðisins voru gerð góð skil. Klasinn átti aðild að „Maturinn-Inn 2009“ sem fram fór á Akureyri. Þá tók klasinn, í samstarfi við aðra matarklasa á norðurlandi þátt í Vetrarhátíð í Reykjavík.

Þátttaka í verkefninu er góð og eru 20 fyrirtæki víðsvegar af starfssvæðinu þátttakendur í því. Um er að ræða blöndu framleiðslufyrirtækja og veitingahúsa. Stofnaður hefur verið formlegur klasi um verkefnið en auk fyrirtækjanna sem þátt taka koma Búgarður – ráðgjafarþjónusta í landbúnaði, þekkingar Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga að verkefninu, en verkefnisstjóri er vistaður hjá AP sem er frumkvæðisaðili verkefnisins og stuðningsaðili frá upphafi.

Þátttakendur í verkefninu eru Fjallalamb hf., Veitingastofan Eyrin, Hótel Norðurljós, Sælusápur ehf., Rifós hf., Viðbót ehf., Veitingahúsið Salka, Heimabakarí, Sveitabrauð ehf., Narfastaðir-ferðaþjónusta, Hótel Reynihlíð, Vogafjós, Dimmuborgir ehf., Stóruvellir, Kiðagilshópurinn, Reykkofinn Hellu, Norðlenska hf., Flóki hf., Veitingahúsið Gamli Baukur og Ytra Áland – ferðaþjónusta.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Þingveyska matarbúrsins, kt. 560109-1720.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

VAXNA	3.000.000
Eyþing	1.000.000
IMPRA	2.000.000
Fjárframlög þátttakenda	150.000
Efni og vinna þátttakenda	1.461.900
Samtals	7.611.900

Norðausturland.is er kynningarverkefni sem felur í sér ímyndarsköpun fyrir svæðið sem heild og byggist á útgáfu bæklinga um svæðið og vinnslu á „opinberum vef“ ferðaþjónustunnar á svæðinu sem inniheldur bæði kynningu á því og ítarlega þjónustulista sem hægt er að leita í bæði eftir tegund þjónustu og svæðisbundið. Slóðin er www.norðausturland.is og www.visitnortheasticeland.is. Verkefnið byggir á þeirri skilgreiningu og stefnumótun sem unnin var í stefnumótunarverkefninu sem grein er gerð fyrir hér að framan og styður því við þá vinnu.

Þátttakendur í verkefninu eru þau fyrirtæki á starfssvæði VAXNA sem taka þátt í sameiginlegum kostnaði við verkefnið, en á árinu 2009 voru það tæplega 100 fyrirtæki sem það gerðu, ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, kt. 610485-0399.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	2.000.000
Byggðastofnun	700.000
Ferðamálastofa	500.000
Markaðsskrifst. ferðamála á Nlandi	250.000
Markaðsráð Þingeyinga	100.000
Fyrirtæki á Norðausturlandi	1.938.150
Atvinnuþróunarfélag Þing. (vinna)	1.844.107
Samtals	7.332.257

Þingeyskt og þjóðlegt er samstarfsverkefni aðila á norðausturlandi en markmið þess er að viðhalda þjóðlegum menningararfi í handverki með sérstakri áherslu á Þingeyjarsýslu til styrkingar á ferðaþjónustu. Um er að ræða framleiðslu á handverki, námskeiðahaldi og opnar vinnustofur þar sem hægt er að fylgjast með handverksfólki og listafólki að störfum.

Þátttakendur í verkefninu eru Þingeyskar fingurbjargir-handverkshópur á Kópaskeri, Þjóðlegur arfur-áhugahópur um örnámskeið í anda húsmæðraskólanna og Svartárvot-menning & náttúra.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Þingeyssks og þjóðlegs, kt. 490209-0340.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	1.500.000
Ferðamálastofa	2.000.000
Eyþing	450.000
IMPRA	578.858
Framlög þátttakenda	519.451
Samtals	5.048.309

Samstarf safna og sýninga er samstarf safna og sýninga í Þingeyjarsýslum sem ætlað er að koma á klasasamstarfi þessara aðila með það að markmiði að efla menningarmiðlum með sameiginlegu kynningarstarf.

Þátttakendur í verkefninu eru Menningarmiðstöð Þingeyinga, Vatnajökulspjóðgarður (Gljúfrastofa), Fuglasafn Sigurgeirs, Bókasafnið á Húsavík, Samgönguminjasafnið Ystafelli, Skjálftafélagið, Sauðanesnefnd, Hið Þingeyska fornleifafélag, Þingeyskur sagnagarður, Yst-braggasýning og Hvalasafnið á Húsavík.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Safnaþings-Þingeyssköfn og saga, kt. 701009-1690.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	425.000
Framlag þátttakenda	470.000
Samtals	895.000

Sail Húsavík 2011 er heiti verkefnis sem snýst um alþjóðlega siglinga- og strandmenningarhátíð á Húsavík sem haldin verður árið 2011 en undirbúningur að hátíðinni hófst árið 2008. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir norrænum samtökum seglskipaeigenda sem hafa ákveðið að taka þátt í hátíðinni. Þá hefur málið verið kynnt á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar og hlotið þar góðar undirtektir.

Þátttakendur í verkefninu eru Norðursigling hf., Safnahúsið á Húsavík, Hvalasafnið á Húsavík, Íslenska vitafélagið, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Norræna húsið ásamt Norðurþingi og fjölda samstarfsaðila, bæði innlendra og erlendra, en hátíðin byggir á því að laða til landsins stóran hóp seglskipaeigenda.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Sail Húsavík, kt. 490310-0880.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	2.000.000
Framlag þátttakenda	1.195.869
Samtals	3.195.869

Umhverfisskólinn maður og jörð snýst um að vinna greinargerð og kynningarbækling þar sem aðdraganda, hugmyndafræði og fyrirhugaðri starfsemi umhverfisskólans verða gerð skil. Í stuttu máli gengur hugmyndafræðin útá það að efla umhverfisfræðslu á öllum skólastigum með samstarfi viðkomandi skóla og aðila utan skólakerfisins. Sú vinna verður síðan nýtt til að kynna verkefnið fyrir sveitarfélögum og ríkisvaldi í þeim tilgangi að fá þessa aðila til þátttöku í þróun og rekstri skólans. Mynduð hefur verið sérstök undirbúningsnefnd sem í sitja m.a. fulltrúar skóla á starfssvæði VAXNA.

Þátttakendur í verkefninu eru undirbúningsnefnd Umhverfisskólans ásamt sveitarfélögunum og skólum á starfssvæði VAXNA.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Hermanns Bárðarsonar, kt. 081167-5409

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	1.000.000
Framlag þátttakenda	1.500.000
Samtals	2.500.000

Upplifum landið – geotourism er samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila en markmiðið er þróun ferðaþjónustu sem byggir á hugmyndafræði „geotourism“ á hálendinu inn af Bárðardal og Mývatnssveit, þ.e. á svæðinu frá byggð til jökla á milli Skjálafandafljóts og Jökulsár á Fjöllum.

Þátttakendur í verkefninu eru Svartárvot-menning & náttúra, Kiðagil ehf. og Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Svartárvots – menningar og náttúru, kt. 531006-1860.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	1.000.000
Framlag þátttakenda	2.218.200
Samtals	3.218.200

Nýting íslenska berja til atvinnu- og vöruþróunar snýst um gerð viðskiptaáætlunar sem hefur það að markmiði að gera íslensk blá- og krækiber að markaðsvöru bæði innanlands og erlendis og skapa arðbæra starfsemi er byggir á söfnun, þökkun og dreifingu á íslenskum berjum.

Þátttakendur í verkefninu eru Mjólkursamsalan og Dalvíkurbyggð ásamt Áhugamannafélagi um íslensk ber og nytjajurtir.

Verkefnið er rekið á fjárhagslega ábyrgð Áhugamannafélags um íslensk ber og nytjajurtir, kt. 411209-1480.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	1.000.000
Norðursprotar	400.000
Framlag þátttakenda	1.700.000
Samtals	3.100.000

Menntasetrið á Þórshöfn er samstarfsverkefni um myndun og uppbyggingu þekkingarklasa í Langanesbyggð. Að verkefninu koma m.a. Þekkingarnet Þingeyinga og Framhaldsskólinn á Laugum en markmiðið með verkefninu er uppbygging menntaseturs þar sem saman fer aðgengi að framhaldsskólanámi, símenntun, aðstaða til háskólanáms í fjarnámi og rannsóknarstarf.

Þátttakendur í verkefninu eru Þekkingarnet Þingeyinga, Framhaldsskólinn á Laugum og Langanesbyggð.

Verkefnið er rekið sameiginlega á fjárhagslega ábyrgð Þekkingarnets Þingeyinga, kt. 670803-3330 og Framhaldsskólans á Laugum, kt. 410389-2589.

Heildarframlög til verkefnisins á árinu:

Framlag VAXNA	3.000.000
Pekkingarnet Þingeyinga	3.672.972
Framhaldsskólinn á Laugum	5.068.008
Langanesbyggð	2.158.062
Samtals	13.899.042

Ársuppgjör

Rekstrarreikningur 2009

Rekstrartekjur:

	Skýring	
Framlag ríkissjóðs		30.000.000
Framlög fyrirtækja	1	1.000.000
Framlög sveitarfélaga	2	3.999.999
Sérfræðiframlag til búsetuþáttakönnunar	3	1.242.560
Tekjur vaxtarsamnings samtals		36.242.559

Rekstrargjöld:

Fjárframlög til verkefna	4	22.835.000
Ferðakostnaður		87.388
Bílaleigubílar		41.704
Sérfræðivinna-kortagerð		260.000
Sérfræðivinna - búsetuþáttakönnun	5	1.242.560
Auglýsingar		24.478
Umsjón og rekstur vaxtarsamnings	6	7.500.000
Rekstrargjöld vaxtarsamnings samtals		31.991.130

Rekstrarafkoma án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda 4.251.429

Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld:

Vaxtatekjur	0
Vaxtagjöld	0

Rekstrarafkoma ársins:..... 4.251.429

Efnahagsreikningur 31.12.2009**Eignir:****Veltufjármunir**

Viðskiptakröfur	10.949.263
Handbært fé	0

Eignir samtals 10.949.263

Skuldir og eigið fé:**Eigið fé**

Óráðstafað eigið fé	10.949.263
---------------------	------------

Skuldir

Ógreidd framlög	0
-----------------	---

Eigið fé og skuldir samtals 10.949.263

Sjóðstreymi 2009**Rekstrarhreyfingar**

Hreint veltufé frá rekstri:

Rekstrarniðurstaða ársins	4.251.429
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	
Óhafin styrkloforð	0
	<u>4.251.429</u>

Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:

Viðskiptakröfur	-4.251.429
-----------------	------------

Hækkun (lækkun) rekstrartegndra skulda:

Ógreidd framlög	
.....	0

Handbært fé frá rekstri 0

Breyting á handbæru fé á árinu 0

Handbært fé í ársbyrjun 0

Handbært fé í árslok 0

Skýringar og sundurliðanir

1. Framlag fyrirtækja

- Um er að ræða framlag Landsvirkjunar til vaxtarsamnings

2. Framlög sveitarfélaga

- Um er að ræða framlög sveitarfélaganna á starfssvæði vaxtarsamnings sem skiptast eftir íbúafjölda þeirra

3. Sérfræðiframlag vegna búsetuþáttakönnunar

- Um er að ræða vinnuframlag Þekkingarseturs Þingeyinga vegna búsetuþáttakönnunar á starfssvæði vaxtarsamningsins

4. Samþykkt fjárframlög til einstakra verkefna greinast þannig:

- Þingeyskt og þjóðlegt	1.500.000
- Safnaþing, samstarf safna og sýninga	425.000
- Sail Húsavík 2011	2.000.000
- Umhverfisskólinn Maður og jörð	1.000.000
- Þingeyska matarbúrið	3.000.000
- Mývatnsstofa ehf.	1.000.000
- AP v/ GEBRIS verkefnisins	3.910.000
- AP v/ Norðausturland.is	2.000.000
- Svartárvot-menning og náttúra	1.000.000
- Íslensk ber sf.	1.000.000
- Menntasetrið á Þórshöfn (ÞP og FSL)	3.000.000
- AP v/ framkvæmdar stefnumótunar í ferðaþjónustu	3.000.000

5. Sérfræðivinna vegna búsetuþáttakönnunar

- Vinnuframlag Þekkingarseturs Þingeyinga er gjaldfært á móti tekjufærslu þess

6. Umsjón með rekstri vaxtarsamnings

- Um er að ræða þóknun til AP vegna umsjónar og aðstöðu vegna rekstrar samningsins til að mæta launakostnaði, húsnæðiskostnaði, bókhalds- og tölvuþjónustu og fl.